

**Grunnskóli
Hornafjarðar
470 8400**



Fundargerð

**1. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2024-2025
29.nóv. kl. 8:15 – 9:30 í Heppuskóla – stofu 2 eða á teams**

Fundarstjóri: Þórdís Þórsdóttir

Fundarritari:

Mættir: Helga Guðnadóttir, Elin ýr, Eik, Ísold, María, Jakob,

Dagskrá

1. Fulltrúar í skólaráði kynntir og farið yfir hlutverk skólaráðs.

Fyrir hönd nemenda;

María Guðlaugsdóttir 09maria@skolapostur.is
Ísold Andrea Andrésdóttir 09isold@skolapostur.is
Jakob Jóel Ágústsson 09jakob@skolapostur.is

Fyrir hönd foreldra;

Helga Guðnadóttir guðnadottirhelga@gmail.com 2022
Elin Ýr Sigurbjörnsdóttir elinysr@gmail.com 2023

Formaður stjórnar foreldrafélagsins hverju sinni, nú er það

Fulltrúi foreldrafélagsins:

Eik Aradóttir eikaradottir@gmail.com 2022

Fyrir hönd starfsmanna;

Lena Hrönn Marteinsdóttir lenahr@hornafjordur.is
Guðrún Ása guðrunasa@hornafjordur.is 2024
Eva Rán Ragnarsdóttir evan@hornafjordur.is 2024

Fyrir hönd stjórnenda;

Þórdís Þórsdóttir thordisth@hornafjordur.is

Fundarmenn kynna sig,

- Hlutverk skólaráðs:** Farið yfir hlutverk skólaráðs – Handbók um skólaráð. – Fundarmenn kynna sig, lagaleg skylda að vera með skólaráð og hlutverk að fara yfir mál sem tengjast.
- Fundartímar skólaráðs í vetur** – Stefnt að því að funda einu sinni í mánuði, finnum fundartíma sem hentar öllum. Fimmtudagar kl 8.10 henta best eða kl 14.00-14:30
- Fjárhagsáætlun skólans:** Skoðum fjárhagsáætlun, Óskað var eftir fjárveitingu fyrir nýjum borðum og stólum. Kátakot og matsalur. Nemendur eru ánægðir með Kátakot en foreldrum hugnast ekki vel músagangur sem hefur verið í vöruhúsinu, forstöðumaður vöruhússins er með það mál á sinni könnu. Hugmynd að kaupa borð og stóla í matsalinn sem gætu nýst fleirum, þannig að matsalurinn gæti nýst betur.

- 5. Íslenska æskulýðsrannsóknin:** Skoðum helstu niðurstöður sem snúa að Grunnskóla Hornafjarðar. Það sem vekur helstu athygli er að nemendur eru að upplifa mikinn hávaða í kennslustundum og það að nemendur geti ekki leitað til einhvers fullorðins í skólanum. Helsta gagnrýnin er að erfitt er að sjá hvaða spurningar mynda matsþáttinn á bak við hvern lið og því velt upp hvort nemendur hafi skilið spurningarnar sem lagðar voru fyrir. Einnig er þetta löng könnun og margir nemendur sem hafa ekki úthald til þess að taka könnunina.
- 6. Reglur um símalausan skóla:** Förum yfir uppfærðar reglur um snjalltæki í skólanum. Eva Rán les yfir reglurnar. Ákvörðunin varðandi símalausan skóla var tekin vegna þess að mikill þrýstingur hefur verið frá foreldrum að skólinn leyfi ekki símann á skólatíma. Stjórnvöld og aðrar þjóðir eru að setja lög varðandi símanotkun í skólum. Nemendur eru spurðir hvernig þeir eru upplifa símalausan skóla, einn nemandi segir að hann hlakki til að klára 10.bekk svo hann geti fengið að hafa símann á skólatíma aðrir nemendur segja að þau séu vön þessu og þetta sé ekkert mál. Fundarmenn eru þó sammála um að þetta taki tíma og að þetta breytist með hverjum árganginum sem kemur í Heppuskóla og er vanur þessu fyrirkomulagi. Nemendur eru þó margir með símann á sér í skólanum en passa að fara ekki í þá. 9.-10.bekk upplifunin er að þetta breyti litlu fyrir þau, nemendur fara þó enn út í Nettó með símann sinn. Ábending kom varðandi að nemendur væru að nota síma á íþróttæfingum eftir skóla og færu svo aftur í Kátakot. Reglurnar eiga við grunnskólann en ekki æfingar á vegum Ungmennafélagsins Sindra. Einnig var rætt að á bókasafni sveitarfélagsins væru nemendur að hanga í símanum. Reglur skólans ná utan um skólann og skólahúsnæðið.

Önnur mál:

Foreldri spyr hvort talmeinafræðingur og sálfræðingur séu ekki enn að koma í skólann, talmeinafræðingur er einu sinni í viku og sálfræðingur nokkrum sinnum í mánuði. Athugasemd varðandi skólalóðina, foreldri spyr hvað sé að gerast með skólalóðina. Á Síðasta skólaráðsfundarári var hönnuður og Brynja sem fóru yfir skólalóðina með skólastjórnendum. Lítið hefur þó heyrst síðan þetta var og ætlar skólastjóri að taka að sér að kanna stöðu þessa máls. Málið er á bið vegna byggingu nýs íþróttahúss. Athugasemd vegna malbiksins bak við Hafnarskóla en það er mjög gróft. Geta orðið slæm slys þar.